

Hækkun gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra, sbr. 2. gr. tekur þó eigi gildi fyrr en að loknu 1. álesturstímabili en því lýkur á tímabilinu 20. janúar til 10. febrúar 1987, sbr. 8. gr. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok 1. álesturstímabils skal innheimta hið hækkaða gjald. Með reglugerð þessari fellur reglugerð nr. 349/1986 úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1986.

Þorsteinn Pálsson.

Lárus Ögmundsson.

REGLUR

um fjárhagslegan aðskilnað stofnlánasjóða og veðdeilda skattskyldra innlánsstofnana frá öðrum deildum þeirra.

1. gr.

Tekjur og eignir stofnlánasjóða og veðdeilda teljast ekki með skattskyldum tekjum og eignum viðkomandi innlánsstofnana, enda sé fjárhagur þeirra greinilega aðskilinn fjárhag annarra deilda viðkomandi stofnana með þeim hætti sem greinir í 2.—4. gr. þessara reglna.

2. gr.

Bókfærslu eigna, skulda, gjalda og tekna skal hagað í samræmi við II. kafla laga um bókhald nr. 51/1968, eins og um sjálfstæðan aðila væri að ræða. Viðskiptin við viðkomandi innlánsstofnun, sem stofnlánasjóðurinn eða veðdeildin er starfrækt í tengslum við, skulu sérstaklega sundurgreind í bókhaldinu.

3. gr.

Vaxtakjör, þóknanir, hlutdeild í kostnaði o. þ. h., sem ákveðin eru í viðskiptum milli stofnlánadeildar eða veðdeildar annars vegar og viðkomandi innlánsstofnunar hins vegar, skulu vera eins og almennt gerist í viðskiptum milli óskyldra aðila.

4. gr.

Birgðum verðbréfa og annarra eigna og bókhaldsgögnum skal haldið aðskildum frá samsvarandi gögnum annarra deilda viðkomandi innlánsstofnunar.

5. gr.

Reglur þessar, sem eru samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, sbr. lög nr. 51/1984, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 12. desember 1986.

F.h.r.
Lárus Ögmundsson.

Snorri Olsen.